

***Fundur íbúaráðs Kjalarness 8. október 2020: Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins dags. 8. október 2020 um ritun fundargerða og fyrirspurnir íbúa***

Mikilvægt er að fundargerð ráðsins endurspegli það sem gerist á fundum þess. Frá því að nýtt íbúaráð tók til starfa hafa borist fyrirspurnir frá íbúum sem ekki hafa ratað inn í fundargerð eða svör við þeim. Því er lagt til að allar fyrirspurnir og tillögur sem borist hafa og munu berast frá íbúum, hvort heldur þær eru skriflegar eða munnlegar, verði færðar til bókar í fundargerð ráðsins. Jafnframt er lagt til að þegar svör við fyrirspurnum berast ráðinu að þau verði sömuleiðis færð inn í fundargerð.